

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/313
komudagur 30.11.2005



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2005

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um skil á fjármagnstekjuskatti, 36. mál.

BSRB styður tillögu til þingsályktunar um skil á fjármagnstekjuskatti, þskj. 36 - 36. mál.

Tillagan er í samræmi við stefnu og ályktanir bandalagsins um gagnsæi og skilvirkari skattheimtu.

f.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 132/311
komudagur 30.11.2005

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.11.2005
EÖD


Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti, 36 mál.

Vísað er til erindis hæstvirktrar efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 10. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar Félags Íslenskra stórkaupmann um þingsályktunartillögu um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti, 36 mál.

FÍS telur að þingsályktunartillagan fari gegn grundvallar hugmyndum um bankaleynd og persónuvernd einstaklinga. FÍS bendir á að tillagan fer einnig gegn hugmyndum um traust viðskiptalífsins og feli í sér að óeðlilega miklar kröfur um upplýsingar um fjárhagsmálefni einstaklinga.

FÍS leggst því gegn tillögunni sem slíkri.

Virðingarfyllst f.h. FÍS


Einar Örn Davíðsson, hdl.



Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/308
komudagur 30.11.2005

Reykjavík 28. nóv. 2005
Tilv. FLE 23-2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Málefni: Þingsályktun um skil á fjármagnstekjuskatti, 36. mál,

Með bréfi dags. 10. nóv. sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Gunnar Sigurðsson
Faglegur framkvæmdastjóri

komudagur 23.11.2005

Nefndasvið Alþingis
b.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

21. nóvember 2005

Tilvísun: 2005110041


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skil á fjármagnstekjuskatti, 36. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 10. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um skil á fjármagnstekjuskatti, 36. mál. Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa setningu laga sem kveði á um að bönkum og fjármálastofnunum á Íslandi verði skylt að láta skattyfirvöld í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda.


Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið tillöguna og tekur ekki afstöðu til efnis hennar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Björg Fengel



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 132/84
komudagur 18.11.2005

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17.11.2005
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um 36. mál, skil á fjármagnstekjuskatti

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um þingsályktunartillögu um skil á fjármagnstekjuskatti.

Kauphöll Íslands gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Árína St. K.
Árína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/314
komudagur 30.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 28. nóvember 2005.

Umsögn laganefndar LMFÍ um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti. 132. löggjafarþing 2005 – 2006. Þskj. 36 - 36. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 10. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Laganefnd félagsins hefur haft tillöguna til skoðunar. Telur nefndin að þar sem málið sé pólitísku eðlis, falli það ekki að hlutverki nefndarinnar að láta í té umsögn um það.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Alþingi
Erindi nr. **P** 132/397
DAGSETNING
komudagur 2.12.2005
TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. nóvember 2005 2005110281

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að gerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar dags. 10. nóvember 2005 er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti. Í þingsályktunartillögunni felst að undirbúin verði og sett löggjöf um að bönkum og fjármálastofnunum verði skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda. Í eftirfarandi umsögn er gengið út frá því að í tillögunni sé átt við það að upplýsingar þessar verði veittar sjálfkrafa fyrir alla viðskiptamenn viðkomandi stofnunar.

Ríkisskattstjóri mælir með samþykkt tillögunnar og setningu löggjafar af þeim toga sem hún fjallar um. Í því sambandi vill ríkisskattstjóri vekja athygli á eftirfarandi.

Í tekjuskattsslögunum, 92. gr. og 1. mgr. 94. gr., er kveðið á um viðtækar skyldur til að afhenda skattyfirvöldum margvíslegar upplýsingar og heimildir skattyfirvalda til að krefjast upplýsinga. Hefur þeim verið beitt eins og tilefni hefur þótt til og aðstæður hafa leyft. Upplýsingum um launagreiðslur, lífeyri o. fl. starfstengdar greiðslur hefur lengi verið aflað, svo og upplýsinga um verktakagreiðslur, kaup og sölu á afurðum, og hlutafé og arðgreiðslur hlutafélaga. Upplýsingaskyldu hvað varðar fjármagnstekjur frá fjármálastofnunum var lengi vel ekki beitt, m.a. vegna þess að slíkar tekjur höfðu lítið vægi skattalega eða voru skattfrjálsar svo sem gildi um vaxtatekjur. Hin síðari ár hefur orðið breyting á þessu. Skattskylda er á vaxtatekjum og vægi fjármagnstekna orðið meira en áður var auk þess sem þörf er á þessum upplýsingum vegna þjónustu við framteljendur og vegna skatteftirlits og þá ekki einvörðungu skattlagningar vaxtatekna og annarra fjármagnstekna. Er því full ástæða til að kveða skýrt á um upplýsingaskil fjármálastofnana hvað varðar fjármagnstekjur og vandséð rök fyrir því að um þær gildi sérreglur einkum þegar lítið er til þess hve upplýsingar frá þeim eru mikilvægar fyrir skattframkvæmd og skatteftirlit..

Í skýrslu um umfang skattsvika sem lögð var fram á Alþingi seint á síðasta ári er víða vikið að mikilvægi virkrar upplýsingagjafar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skattsvik. Er þar gerð grein fyrir vinnu á vegum OECD og Evrópusambandsins sem beinst hefur í þá átt að auka og bæta upplýsingagjöf fjármálastofnana til skattyfirvalda. Er þar jafnframt vakin athygli á því hve Ísland stendur illa að vígi í þeim efnum í samanburði við flest lönd. Vegna fullyrðinga talsmanna fjármálastofnana um að reglur hér séu sambærilegar því sem er í öðrum löndum óskaði ríkisskattstjóri eftir greinargerðum frá systurstofnunum sínum á Norðurlöndunum um

Norðurlöndunum um þær reglur sem þar gilda í þessum efnum. Samantekt úr svörum við þeirri málaleitan fylgir bréfi þessu en í stuttu máli eru svörin á þann veg að bankar og fjármálastofnanir veita skattyfirvöldum sjálfkrafa allar upplýsingar um innistæður, skuldabréf, verðbréf og hlutabréf viðskipavina sinna og tekjur af þeim. (Sjá fylgiskjal 1) Engar af þessum upplýsingum fá íslensk skattayfirvöld sjálfkrafa eða án eftirgangssemi sem gerir að verkum að upplýsingagjöf bankanna kemur að litlum notum í venjulegri skattframkvæmd og skatteftirliti.

Af þessum ástæðum er ein af aðaltillögum höfunda skattsvikaskýrslunnar að auðvelda aðgang skattyfirvalda að upplýsingum banka sbr. tillögu 13. 4 í henni en þar segir: "**Aðgangur að upplýsingum banka** Í skýrslu OECD, "Improving Access to Bank Information for Tax Purpose", kemur fram að meiri takmarkanir eru á því hér á landi en í flestum ríkjum OECD að skattyfirvöld fái upplýsingar frá bönkum og fjármálastofnunum. Algengast er í hinum aðildarríkjunum að skattyfirvöld fái upplýsingar um bankaviðskipti skattaðila sjálfkrafa. Sé ekki svo eru yfirleitt engar hömlur á því að slíkar upplýsingar séu veittar sé eftir því leitað. Hér á landi fá skattyfirvöld engar upplýsingar sjálfkrafa og ef leitað er eftir þeim er það háð umstangi og bréfaskriftum. Má því segja að þessi upplýsingalind sé nánast óvirk hvað varðar almennt skatteftirlit og skipulagningu þess. Skatteftirlit byggist í vaxandi mæli á áhættugreiningu en leynd um fjárhagsupplýsingar gerir hana torvelda og ómarkvissa. Tímabært er að leiða í lög afdráttarlaus ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar þeirra um eignir, tekjur viðskiptavina bankans og þeirra sem þeir annast einhvers konar fjársýslu fyrir. Enn fremur verði gerðar aðrar þær breytingar sem mælst er til í framangreindri skýrslu OECD að verði komnar í framkvæmd eigi síðar en í árslok 2005 en þær snúa m.a. að heimildum til að afla og láta samningsbundnum ríkjum í té bankaupplýsingar um skattborgara þeirra. "

Nútíma skatteftirlit byggist að verulegu leyti á upplýsingatækni og nýtingu rafrænna upplýsingagagna. Er slíkt forsenda þess að byggja upp eftirlit án þess að það valdi óeðlilegri röskun og óþægindum fyrir skattaðila sem ekki er tilefni til að beina athygli að. Heildstæð gagnasöfn og nýting þeirra er forsenda þess að komið verði við áhættugreiningu og þar með markvissu eftirliti. Slíkt eftirlit verður ekki þróað nema öflun fjárhagsupplýsinga frá fjármálastofnunum sé til staðar. Þess má og geta að slík upplýsingaöflun er einnig forsenda fyrir eftirliti með öðrum fjármálaafbrotum en skattsvikum svo sem peningabætti o.fl.


Auk þess mikilvæga hlutverks sem öflug upplýsingagjöf hefur í því að tryggja rétta og sanngjarna skattframkvæmd og rækja það eftirlit sem nauðsynlegt er í þeim tilgangi er upplýsingagjöf til skattyfirvalda lykill að því að veita megi skattborgurum þá þjónustu og fyrirgreiðslu í samskiptum við skattyfirvöld sem þeir eiga rétt á. Á síðustu árum hefur tekist að koma hér á rafrænni framtalsþjónustu og einfalda mjög framtalsgerð framteljendum sem skattyfirvöldum til hagsbóta. Hefur það mælst vel fyrir og sá árangur sem náðst hefur og mikil þátttaka vakið athygli. Góður árangur á þessum vettvangi er ekki síst að þakka stórauðinni forskráningu upplýsinga á framtölin. Er svo komið að hjá mörgum framteljendum eru allar upplýsingar sem á þarf að halda vegna framtalsins forskráðar nema upplýsingar frá fjármálastofnunum sbr. fylgiskjal 2. Stefnt hefur verið að því að ná því marki innan tíðar að helmingur framteljenda þurfi ekki annað en að staðfesta framtal sitt en það fyrirkomulag er þegar til staðar á sumum Norðurlandanna og mögulegt vegna hinna víðtæku upplýsingaskyldu sem þar er. Slíku markmiði verður ekki náð nema

til komi fullkomnari upplýsingamiðlun fyrst og fremst um fjármálaupplýsingar.

Því hefur verið haldið fram af fjármálastofnununum að upplýsingaskylda til skattfyrvalda brjóti í bága við svokallaða bankaleynd og kynni að leiða til þess að innistæður yrðu fluttar úr landi. Að því er bankaleyndina varðar skal bent á að hún í reynd eingöngu almennt ákvæði um trúnað við meðferð á fjárhagsupplýsingum viðskiptaaðila og í engu frábrugðið þeim trúnaði sem gildir um ýmsa aðra sem í viðskiptum standa og hefur ekki verið því til trafala að skattfyrvöldum séu afhentar þessar upplýsingar. Þá má benda á að í flestum nágrannalöndum okkar eru trúnaðarskyldur fjármálastofnana svipaðar og hér og hefur það ekki orðið því til trafala að upplýsingar séu veittar skattfyrvöldum. Eins er þess að geta að eingöngu er um að ræða upplýsingar sem viðkomandi viðskiptavini ber skylda til að afhenda skattfyrvöldum og það að halda þeim leyndum gagnast því eingöngu þeim sem ætla ekki að gera það þ.e. ætla að svíkja undan skatti. Þess má og geta hér að fyrir fáum árum lét ríkisskattstjóri kanna viðhorf framteljenda til þess að bankar gæfu skattfyrvöldum upplýsingar um innistæður þeirra. Mikill meirihluti eða um 2/3 töldu það æskilegt eða létu sér standa á sama.

Hvað það varðar að innistæður verði fluttar úr landi af þessari ástæðu einni er slíkt afar hæpin rök. Í fyrsta lagi eru upplýsingaskylda af þessum toga til staðar í flestum löndum og mörg þeirra skuldbundin til að veita slíkum upplýsingum áfram hingað til lands. Innan Evrópu er verið að herða mjög á slíkri upplýsingagjöf eftir að svokallað "Savingsdirective" varð samþykkt og nokkuð víst að hún mun innan fárra ára einnig taka til staða eins og Luxemborg og Sviss. Til þess að forðast upplýsingagjöf yrði því að leita langt og hæpið að að það hagkvæmt jafnvel þótt tekjum af þessum eignum yrði skotið undan skatti. Er því ekki ástæða til að ætla að um fjárflotta verði að ræða. Fremur má ætla að úr fjárflotta af skattalegum ástæðum drægi ef afnumin yrði sú leynd sem hann þrífst nú í.

Af öllum þessum ástæðum og rökum mælir ríkisskattstjóri eindregið með samþykkt þingsályktunartillögu þessarar.

Virðingarfyllst

Indriði H Þorláksson



Fylgiskjal 1: Upplýsingaskylda banka og fjármálastofnana á Norðurlöndum Fylgiskjal 1.doc



Fylgiskjal 2: Forskráning á framtöl einstaklinga 2004 forskráning_a_framtol_ein_2004

Upplýsingaskylda banka og fjármálastofnana á Norðurlöndum

Ríkiskattstjóraembættin á Norðurlöndunum voru beðin um að gera grein fyrir reglum í þeim löndum um skil og skilaskyldu banka og fjármálastofnana á upplýsingum til skattfyrivalda. Eftirfarandi er samantekt og endursögn á helst atriðum sem fram komu í svörum þeirra.

Danmörk

Skv. dönsku skattaeftirlitslögunum er skylda að veita upplýsingar ýmist sjálfkrafa eða að beiðni frá skattfyrirvöldum. Sjálfkrafa veittar upplýsingarnar eru að hluta til forskráðar á framtölin og að hluta til nýttar sem eftirlitsupplýsingar m.a hjá þeim sem ekki fá forskráð skattframtal. Upplýsingaskylda launþega minnkar ekki vegna forskráningar, heldur er launþegum skylt að veita upplýsingar ef þær vantar á framtalið.

Sjálfkrafa upplýsingaskylda.

Skylda til að veita upplýsingar er lögð á allan fjármálageirann (peningastofnanir, tryggingarfélag, verðbréfafyrirtæki), en einnig geta ákveðnar tegundir fyrirtækja og einkaaðila verið upplýsingaskyld. Skýrslurnar eiga að innihalda eftirfarandi:

Auðkenni þess er veitir upplýsingarnar (kenninr., nafn og heimilisfang o.fl.)

Auðkenni þess er upplýsingarnar eru veittar um (kenninr., fyrirtæki, nafn og heimilisfang o.fl.)

Auðkenni upplýsinganna sem veittar eru, t.a.m. reikningsnr. ISIN-nr., sjóðsnr., samningsnr. o.fl.

Eignarhald

Fjárhæðir (vextir, arður, úttekt, innistæða, gengi, söluverð o.fl)

Fram kemur í 7.-11. gr. dönsku skattalaganna hvaða upplýsingar skal veita, sbr. lauslega upptalningu að neðan:

Vextir, verðbréf o.fl.

- Innlán, vextir eða önnur ávöxtun, innistæða í árslok og reikninga sem lokað er á árinu.
- Útlán, vextir og höfuðstóll í árslok.
- Veðskuldabréf í eigin eign eða vörslu, vextir og gangverð.
- Upplýsingar vegna sparnaðartilskipunar EU að mestu það sama og að framan en í sumum tilvikum víðtækari upplýsingar.
- Hlutir/hlutabréf, vörsluaðilar skili upplýsingum um söluverð skráðra hlutabréfa og allir sem skyldir eru til að halda eftir staðgreiðslu af arði skili upplýsingum um söluverð óskráðra hlutabréfa.
- Hlutir/hlutabréf. Vörsluaðilar skili upplýsingum um eign einstaklinga í skráðum hlutabréfum, gengi og skráningarland hlutabréfanna svo og um sölu skráðra hlutabréfa

- Skuldabréf, fjárfestingabréf, og fjármálasamningar, vextir, útdrættir og sala. Upplýsingaskyldan nær til allra félaga sem einstaklinga.
- Yfirfærslur til útlanda. Fjármálastofnanir og aðrir sem annast greiðslumiðlun skulu gefa upplýsingar um greiðslur til erlendra aðila, þó ekki ef fjárhæð er undir 100.000 DKK.

Finnland

Ákvarðanir um upplýsingaskyldu þriðja aðila er að finna í lögum um skattframkvæmd. Lögin kveða á um skyldu til að skila almennum upplýsingum skv. nánari skilgreiningu skattýfirvalda og upplýsingar skv. beiðni.

Almenn upplýsingaskil skv. reglum og fyrirmælum, skulu upplýsingar veittar sjálfkrafa einu sinni á ári og innihalda eftirfarandi:

Persónuupplýsingar

Lán

Vexti

Greiðslu vaxta af inneignum og arður/hagnaður verðbréfa

Afsal verðbréfa

Upplýsingar skv. beiðni

Hér er átt við allar upplýsingar sem þörf krefur vegna skattlagningar. Forsendur þess að skattstjórar geti krafist sértækra upplýsinga (uppl. skv. beiðni), eru að um sé að ræða eftirlit með skattlagningu og verða skattembættin að skilgreina aðilann og upplýsingarnar vel.

Noregur

Í Noregi er fjallað um skilaskyldu fjárhagsupplýsinga í lögum um álagningu. Í þeim kemur fram að framteljendur skuli veita upplýsingar um inneignir og skuldir. Enn fremur eiga ákveðnar stofnanir að veita þessar upplýsingar ótilkvaddar. Þessar stofnanir eru: allir bankar, tryggingafélög, veð-, verðbréfa- og fjármálastofnanir, veðlánasjóðir, samvinnu- og sparnaðarfélag, hlutabréfa- og verðbréfamíðlarar, lögfræðingar og aðrir sem hafa atvinnu af peningaviðskiptum, útlánastarfsemi eða lánamiðlunarstarfsemi. Þessar stofnanir skulu ótilkvaddar veita eftirfarandi upplýsingar:

Inneignir:

Reikningsnúmer

Nafn, heimilisfang, fæðingarár/fyrirt.nr. reikn.eiganda

Nafn og heimilisfang forráðamanns inneignarinnar

Upphæð, þ.m.t. vexti

Vextir síðasta árs

Sömu upplýsingar skulu veittar á reikn. sem lokað var á árinu

Lán:

Reikningsnr. lánsins
Nafn, heimilisfang, fæðingnr/fyrirt.nr. lántakanda
Eftirstöðvar lánsins, vextir og hve mikið hefur verið greitt
Vextir síðasta árs skipt í tímabil
Sömu uppl. skulu veittar um uppgreidd lán á árinu
Nafn og kt. þess sem veitir upplýsingarnar
Nafn og kt. þess sem veitir upplýsingarnar

Vegna verðbréfa, þ.m.t. hlutir og hlutabréf

Verðbréfaskráningin á að veita ákveðnar upplýsingar ótilkvödd og sjálfvirk (automatisk):

Samanlögð verðbréfaeign einstakra fjárfesta 1. jan. og 31. des. á tekjuárinu, eða við stofnun/uppgjör.

Árleg ávöxtun verðbréfanna

Hreyfingar á vörslureikningi

Upplýsingar um kaup og sölu á tekjuárinu, um úthlutun á arði og stöðu eignanna í lok tekjuársins.

Hlutfélög og einkahlutafélög skulu ótilkvödd veita upplýsingar um sambönd sem hafa áhrif á skattlagningu hluthafanna, m.a. vegna:

Hlutfjár, fjölda og stærð hlutanna þ.m.t. breytingar á tekjuárinu í kjölfar stofnunar, sameiningar, skiptingu hluta og útgáfu hluta.

Eigendur hlutanna 1. jan. álagningarárs, auðkennda með kennitölu, breytingar hluthafaskrá á tekjuárinu, útgreiddur arður og aðrar upplýsingar sem kunna að hafa áhrif vegna skattlagningar.

Virði bréfanna ef þau eru ekki skráð.

Svíþjóð

Frá árinu 1987 hefur verið upplýsingaskylda vegna eftirlits um inneignir og vexti í bönkum. 1997 jókst þessi upplýsingaskylda í að eiga einnig við um alla verðbréfasjóði. Þ.e. á árinu 1997 tóku gildi lög sem kváðu á um að bankar og fjármálastofnanir skuli einnig veita upplýsingar um hluti/hlutabréf og önnur verðbréf.

Upplýsingar um söluverð verðbréfa er látin í té og forskráð en framteljandinn þarf sjálfur að sýna fram á hagn/tap. Frá árinu 2004 reiknast það rafrænt hjá þeim sem skila á netinu.

Upplýsingaskyldan nær yfir vexti, skuldabréf, hluti/hlutabréf og verðbréf.

Reynsla: Fram kemur hjá sænskum skattyfirvöldum að gæði upplýsinganna séu mikil og af þessu sé góð reynsla. Allir hinna stóru aðila sem veita upplýsingar (t.d. bankar, verðbr.sjóðir, lífeyrissjóðir og stærri fyrirtæki) hafa viðurkennt í dag mikilvægi þess að upplýsingarnar séu veittar á réttum tíma og réttan hátt. Forskráning á framtöl hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð, sem hefur átt stóran þátt í jákvæðu viðhorfi fólksins. Sem hefur aftur á móti haft áhrif á þá sem veita uppl. til forskráningar og gefið góða útkomu.

Forskráning og framtöl einstaklinga 2004

(i milljónum króna)

	Framtöl 2004	Forskráning 2004	Hlutfall forskráningar, %
Alls	2.740.839	2.087.645	76
Tekjur	560.863	446.482	80
Laun, starfst. gr. o.fl.	398.167	368.673	93
Ökutækjastyrkur	5.819	5.410	93
Dagpeningar	5.505	4.357	79
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	28.530	28.497	100
Atvinnuleysisbætur ¹	3.388	3.542	100
Greiðslur frá Tryggingastofnun ¹	28.389	28.626	100
Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð, styrkir ¹	1.061	1.372	100
Skattfrjálsar tekjur frá Tryggingastofnun ¹	5.854	6.004	100
Arður af hlutabréfum ²	11.621	...	...
Vextir af bankainnstæðum ²	7.694	...	...
Vextir af verðbréfum ²	6.702	...	...
Sala hlutabréfa ²	58.134	...	...
Eignir	2.179.975	1.641.163	75
Fasteignir	1.171.984	1.144.764	98
Eignarskattfrjáls verðbréf ²	52.375	...	...
Ökutæki ³	107.243	59.661	56
Hlutabréf, nafnverð ²	47.106	...	...
Innlendar innstæður o.fl. ²	153.344	...	...
Skuldir vegna íbúðarkaupa	451.475	382.705	85
Aðrar skuldir (Eingöngu frá LÍN) ²	196.449	54.032	28

Skýringar:

Miðað er við tölur að lokinni forskráningu og svo strax að loknum framtalsskilum (5. júlí 2004),

nema vegna sölu hlutabréfa. Þá er miðað við 23. febrúar 2005.


¹ Þegar einstaklingar skila ekki inn framtali (deyja á árinu eða tekjur eru áætlaðar á þá) getur forskráning verið hærri en framtal.

² Upplýsingar vantar frá bönkum og fjármálastofnunum

³ Þegar bifreið kostar minna en 1.000 kr., fjöldi eigenda er fleiri en 1 eða hún var keypt eða seld á framtalsári er bifreiðin ekki forskráð á framtal.

Á framtöl árið 2004 voru 76.468 bifreiðar forskráðar að verðmæti 59.661 milljarður

Heimild: RSK



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

28.11.2005

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti, 36. mál

Tillagan felur í sér að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa setningu laga sem kveði á um að fjármálafyrirtækjum verði skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda.

Í tillögunni er gengið út frá því að íslensk skattyfirvöld standi skattyfirvöldum í flestum öðrum OECD-löndum að baki hvað varðar möguleika á að fá upplýsingar frá bönkum sem tengjast viðskiptum með fjármagn. Virðist viðhorfið styðjast við eitt tiltekið atriði af fjölmörgum sem voru til skoðunar í skýrslu OECD frá árinu 2000 um aðgang skattyfirvalda að upplýsingum banka.

Samtök atvinnulífsins hafa í umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þann 28. febrúar sl. um skýrslu starfshóps um umfang skattsvika bent á að framangreind skoðun er á misskilningi byggð. Í fyrsta lagi er alrangt að Ísland komi almennt illa út úr umræddri samanburðarkönnun OECD. Þvert á móti sýnir skýrslan að um flest atriði er aðgangur íslenskra skattyfirvalda að bankaupplýsingum eins og best gerist innan OECD. Þá liggur fyrir könnun sem Deloitte gerði fyrir Samtök banka- og verðbréfafyrirtækja í febrúar 2004 á upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja í nokkrum ríkjum. Niðurstaðan þar er skýr. Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja í nágrannalöndum í Evrópu varðandi viðskipti með hlutabréf er hvergi jafn víðtæk og hér á landi. Reglur um slíkt í Svíþjóð komast næst því sem er hér á landi, en þar er þó slík skylda takmörkuð við upplýsingar um viðskipti einstaklinga. Hér á landi er hins vegar gert ráð fyrir því í lögum um tekjuskatt og eignarskatt að bankar, sparisjóðir og aðrir sem annast viðskipti með hlutabréf afhendi skattyfirvöldum ótilkvaddir skýrslu um viðskipti með hlutabréf, ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Með hliðsjón af framangreindu telja Samtök atvinnulífsins ekki tilefni til þeirrar lagasetningar sem mælt er með í tillögunni og mæla því ekki með að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/309
komudagur 30.11.2005

25. nóvember 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. nóvember 2005 óskaði efnahags- og viðskipta-
nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þings-
ályktunar um skil á fjármagnstekjuskatti, 36. mál.

Seðlabankinn býr ekki yfir sérþekkingu á sviði skattamála og inn-
heimtu skatta og tjáir sig því ekki sérstaklega um efni þingsályktunar-
tillögunnar. Bankinn vekur þó athygli á að við umfjöllun um breyt-
ingar sem tillagan felur í sér kunna að koma til álita sjónarmið um
þýðingu bankaleyndar.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Jón Sigurðsson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

ALÞINGI ÍSLENDINGA
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

SEP/eeg/05/2835

22.11.2005

Efni: Umsögn skattrannsóknaðstjóra ríkisins vegna tillögu til þingsályktunar til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti. Þskj. 36 - 36. mál.

Skattrannsóknaðstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. nóvember 2005, þar sem óskað er eftir umsögn skattrannsóknaðstjóra ríkisins varðandi tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti, 36. mál. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

u m s ö g n :

Fyrirliggjandi tillaga felur í sér að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu laga sem kveði á um að bönkum og fjármálastofnunum á Íslandi verði skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að tilgangur hennar sé að tryggja betri skil á fjármagnstekjuskatti enda hafi ríkisskattstjóri á opinberum vettvangi kvartað yfir að upplýsingar þessar skuli ekki liggja fyrir.

Hér á landi er kveðið á um það í lögum um tekjuskatt (og eignarskatt) nr. 90/2003, nánar tiltekið í 92. gr. þeirra hvaða upplýsingar skuli veita skattyfirvöldum, sjálfvirk og án þess að kallað sé eftir upplýsingum varðandi einstaka skattaðila. Í téðri 92. gr. eru ekki meðtaldar upplýsingar um inneignir á innlánsreikningum hjá bankastofnunum og öðrum fjármálafyrirtækjum. Viðurkennd lögskýring á þessu ákvæði er sú að með gagnályktun sé bankastofnunum og öðrum fjármálafyrirtækjum þar með óskýlt að veita skattyfirvöldum **almennar** upplýsingar um bankainnstæður og fjármagnstekjur. Í því felist að skattyfirvöld þurfi að krefja banka og önnur fjármálafyrirtæki um upplýsingar um tiltekna eigendur bankareikninga eða kalla eftir upplýsingum tiltekinna einstaklinga og ekki felist í ákvæðinu heimild til að krefjast þessara upplýsinga almennt.

Almennt má um ákvæði 92. gr. tekjuskattslaga segja að það er mjög víðtækt ákvæði og afdráttarlaust. Í sögulegu samhengi séð hafa skattyfirvöld í störfum sínum lagt mesta áherslu á 1. mgr. ákvæðisins er varðar laun og ýmsar launatengdar tekjur. Þar hafa skattyfirvöld náð ásættanlegum árangri og langflestir launagreiðendur virða ákvæðið með



þeim hætti að upplýsingar eru látnar í té óumbeðið og á þann hátt sem krafist hefur verið. Hið sama á við um flestar aðrar upplýsingar sem skylt er að veita samkvæmt þessu ákvæði. Á því eru þó undantekningar, bankastofnanir hafa tregðast við að afhenda upplýsingar sem getið er um í 2. mgr. ákvæðisins, þ.e. um umboðs- og umsýsluviðskipti með hlutabréf. Hefur ríkisskattstjóri talið að sú skylda sé óumdeild en bankastofnanir hafa talið að svo sé ekki. Er sá ágreiningur nú til meðferðar hjá dómstólum landsins.

Í lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er ekki fjallað um neina upplýsingaskyldu umfram skyldu á skilum á skilagreinum vegna afdregins fjármagnstekjuskatts. Er í þeim lögum ekki gerðar kröfur um að skilagreinar vegna afdráttarskatts séu sundurliðaðar á einstaka skattaðila – öndvert við það sem gildir um staðgreiðslu opinberra gjalda af launatekjum.

Tillagan til þingsályktunar gerir ráð fyrir að þessu ástandi sé breytt og öllum bankastofnunum og öðrum fjármálafyrirtækjum verði gert skylt að veita almennar upplýsingar um innstæður og vexti vegna þeirra. Þykir af því tilefni efni til að reyna að meta hver áhrif þessa yrðu á íslenskt samfélag og skulu hér taldir upp helstu kostir í liðum 1 – 4 og síðar gallar í liðum 5 – 7.

1. Án nokkurs vafa myndi slík sjálfvirk upplýsingaskylda hafa umtalsverð áhrif og bæta mjög starfsskilyrði skattyfirvalda. Unnt yrði að ljúka því verki að losa meginþorra skattgreiðenda við þá skyldu að skila skattframtali en hingað til hefur staðið á því að unnt væri að gera grein fyrir bankaupplýsingum. Með þeim upplýsingum ásamt öðrum upplýsingum úr opinberum skrá, svo sem fasteignamatsskrá, ökutækjaskrá og skattgrunnsskrá gætu skattyfirvöld áritað upplýsingarnar á framtalseyðublöð, ýmist á pappír eða í rafrænu formi og útbúið þannig skattframtal fyrir stóran hóp skattaðila. Fjöldi þeirra þyrfti þá ekki að aðhafast frekar. Slíkt hefur um langt skeið verið gert víða erlendis með ágætum árangri. Sú aðferð sem hérlandis hefur verið notuð undanfarin ár er þeim annmarka háð að allar inneignarupplýsingar skortir og því ekki unnt að útbúa skattframtal fyrir skattaðila.
2. Ætla verður að skattskil myndu almennt batna. Á það ekki aðeins við um fjármagnstekjur sem örugglega myndu batna og eignarskatts meðan hans nýtur við. Hið sama á við um ýmsar tekju- og eignatengdar greiðslur sem inntar eru af hendi af hálfu hins opinbera og jafnvel stéttarfélaga og sjóða að þar yrði meiri nákvæmni fyrir bragðið. Það hefur verið vitað um langt skeið að verulega skortir á að innstæður hjá bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum séu taldar fram til skatts, ekki aðeins hjá einstaklingum heldur einnig hjá lögaðilum. Skipta hinir vanframtöldu skattstofnar milljörðum króna samanlagt.
3. Með sjálfvirkri upplýsingagjöf um tekjur og eignir af innstæðum í bankastofnunum og hjá öðrum fjármálafyrirtækjum munu skilyrði skattyfirvalda til að fylgjast með skattskilum aukast verulega. Þannig verður öll áhættugreining auðveldari, val á aðilum til rannsóknar og/eða eftirlits verður þannig markvissari.

Sjálfvirkur útreikningur lífeyris til mats á því hvort ástæða sé til taka skattskil til skoðunar verður mögulegur auk ýmissa fleiri ráðstafana sem unnt verði að grípa til og meta hvort ástæða sé til skoðunar hlutaðeigandi. Yrði slík sjálfvirk upplýsingagjöf gríðarlega þýðingarmikil.

4. Öll hagræn upplýsingagerð um tekjur og eignir þjóðarinnar yrði með allt öðrum og markvissari hætti en áður var. Samanburður af hvaða tagi sem er yrði mun auðveldari og villur sem stafa af skorti af upplýsingum um peningaeign landsmanna eru líklegar til að vera óverulegar.
5. Telja verður að líkur séu á að hluti af peningainnstæðum verði fluttar úr landi við breytingar af þessu tagi. Er enginn vafi á því að leyndin um innstæður er ein af forsendum þess að hópur landsmanna lætur innstæður vera hjá erlendum bankastofnunum og fjármálafyrirtækjum. Afleiðing af þessu gæti verið lækkun á innheimtum fjármagnstekjuskatti hjá tilteknum skattaðilum á móti auknum tekjum af öðrum.
6. Ef innlán til íslenskra bankastofnana og annarra fjármálafyrirtækja dragast saman svo einhverju skiptir er a.m.k. fræðilega mögulegt að slíkt geti dregið úr umsvifum innlánsstofnana og þar með getu þeirra til að sinna lánaþörfum landsmanna.
7. Líkleg viðbrögð innlendra bankastofnana og annarra fjármálafyrirtækja gætu verið að vísa viðskiptamönnum sem æskja leyndar með viðskipti sín, á dótturfélög íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis – væntanlega í því skyni einu að viðhalda leynd um innstæður. Er það raunar þekkt í skattframkvæmdinni varðandi ýmsar aðrar ráðstafanir.

Það kann að þurfa að breyta bæði 92. gr. laga nr. 90/2003 og ákvæðum laga nr. 94/1996 til að tryggt verði að sundurliðanir upplýsinga verði lagalega tryggðar. Á þessu stigi telur embættið ekki rétt að setja fram tillögur um hvernig ætti að standa að lagasetningu ef af henni yrði.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að virtu þess sem að framan greinir, hagsmuni hins opinbera og hvernig skattframkvæmd víða erlendis í nágrannalöndum er hagað, að efni þingsályktunartillögunnar ef hún yrði samþykkt, myndi stuðla að betri skattskilum. Er því mælt með samþykkt hennar.

Virðingarfyllt



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/310
komudagur 30.11.2005



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

28. nóvember 2005

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti, 36. mál

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa með bréfi dagsettu 28. nóvember sl. fengið tilvitnaða tillögu til umsagnar.

Tillagan gerir ráð fyrir að bönkum og fjármálafyrirtækjum verði gert skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda.

SVÞ telja að aðgangur skattyfirvalda hér á landi að bankaupplýsingum sé vel viðunandi og í samræmi við sambærilegar reglur í flestum OECD ríkjum, þvert á það sem segir í greinargerð með frumvarpinu. Að mati samtakanna hafa takmarkanir á upplýsingaskyldu fjármálastofnana ekki hamlað skattyfirvöldum að sinna skyldum sínum.

Niðurstaða SVÞ er því sú að mæla ekki með því að ofangreind tillaga til þingsályktunar verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Emil B. Karlsson
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/312
komudagur 30.11.2005



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101


Reykjavík, 28.11.2005
Tilv. 2005/0042 - 4.0
GT

Efni: Boð um umsögn um 36. mál, skil á fjármagnstekjuskatti (132. löggjafarþing)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 10. nóvember sl., varðandi ofangreint mál.

Með hliðsjón af þeim lagaramma sem gildir um embætti talsmanns neytenda (6. gr. laga nr. 62/2005) og þeim sjónarmiðum sem talsmaður neytenda miðar við til forgangsgröðunar er boð yðar um bréflaga umsögn um mál þetta vinsamlegast afþakkað.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,


Gísli Tryggvason

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitssgerðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/121
komudagur 23.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2005.

Efni: Þingsáltill. um aög. til að bæta skil á fjármtsk. (36. mál).


Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem felur það í sér að undirbúin verði lagasetning sem kveði á um skyldu fjármálafyrirtækja til að láta skattfyrvöldum í té upplýsingar um fjármagnstekjur skattgreiðenda.

Kvartað er yfir því í greinargerð tillögunnar að fjármálafyrirtæki hafi „...tregðast við að veita skattfyrvöldum upplýsingar um fjármagstekjur...“ Samkvæmt 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er fjármálafyrirtækjum óheimilt að veita upplýsingar um viðskiptamálefni viðskiptavina sinna nema þeim sé það skylt lögum samkvæmt. Því er sjálfsagt og eðlilegt að fjármálafyrirtæki hafi hingað til ekki veitt slíkar upplýsingar.

Ef til lagasetningar kemur um þetta efni er mikilvægt að stígið sé létt til jarðar þegar kemur að opinberu eftirliti með einkamálefnum fólks. Slíkt eftirlit má aldrei ganga lengra en þörf krefur til að ná markmiðum lagasetningarinnar.

Að öðru leyti gerir Viðskiptaráð ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson